

TÍMARIT

ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA

RITSTJÓRI:

JÓNAS JÓNSSON FRÁ HRIFLU.

XII. ÁR.



REYKJAVÍK 1918.

ÚTGEFANDI: SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA
ÍSAFOLD — ÓLAFUR BJÖRNSSON.

Efnisskrá:

| | Bls. |
|--|---------|
| <i>Einar Sigfússon: Verzlun og samgöngur</i> | 1— 29 |
| <i>Jónas Jónsson: Hreinar linur</i> | 30— 36 |
| <i>Sami: Ónumið land</i> | 37— 42 |
| Skýrslur | 43— 48 |
| <i>Jónas Jónsson: Saga samvinnuhreyfingarinnar</i> | 49— 51 |
| <i>Jónas Jónsson: Samvinnuhorfur</i> | 52— 58 |
| <i>Sami: Akureyri — Reykjavík</i> | 59— 64 |
| <i>Jón Gauti Pétursson: Tvær aðferðir</i> | 65— 72 |
| <i>Jónas Jónsson: Samvinnufélögin og Garðar Gíslason</i> | 73— 89 |
| <i>Jónas Jónsson: Samvinnustefnan og »Landið»</i> | 90—113 |
| <i>Páll Zóphóniasson: Straumhvörf</i> | 114—123 |
| Skýrsla um námsskeið S. Í. S. 1918 | 124—127 |
| <i>Tryggvi Þórhallsson: Frá útlöndum</i> | 128—134 |
| Félagsmál | 136—140 |
| <i>Jónas Jónsson: Nýjar leiðir</i> | 141—148 |
| Framtíðarmenning - samvinnumenning (þýtt) | 149—171 |
| <i>Kaupfélagsvinur: Skólaheimavistirnar og kaupfélögin</i> | 172—183 |
| <i>Jónas Jónsson: Sættargerð</i> | 184—188 |
| <i>Sami: Utan úr heimi</i> | 189—199 |
| Félagsmál | 200—204 |

Samvinnufélögin

og

Garðar Gíslason.

II.

[Vegna rúmleysis í síðasta hefti, varð framhald þessarar greinar að bíða í það sinn].

G. G. hóf áráð sína á samvinnustefnunna 21. apríl 1917 í Ísafold. Spunnust af því langar umræður í ýmsum blöðum. Vegna rúmleysis þarf að þrýsta sem mest saman útdrætti þessum. Verður málstaður kaupmanna tekinn lið fyrir lið, og síðan gerð við stutt athugasemd, þar sem þurfa þykir.

1. G. G. byrjar með miklum stóryrðum um þá menn, suma eða alla, sem í ræðu og riti höfðu haldið fram málstað samvinnustefnunnar. Rökin eru *óhróður*; tími til fyrir kaupmenn *að lækka rosta í orðháku*; *eitrad gas, róg og óhróður á þessa stétt* (þ. e. kaupmenn); *smásálin uppblásnar af öfundnýki, sem reyna af öllum mætti að draga niður til sín allt sem ofar stendur að mannkostum eða efnum. Því ósjálfstæðari sem þessar manneskjur eru, því ósvífari eru þær gagnvart þeim sem hafa þor og þrek til að hjálpa sér sjálfir og bera byrðar þjóðfélagsins. Að síðustu talar hann um óhróður, smjæður, fagurgala, undirferli, skriffinna, öfund, hatur, ofstæki, fjárglæfrayfirtæki o. fl*

Svar. Þessar tilvitnanir sýna, að höf. hefir verið í mjög sætu skapi og í vandræðum með röksemdir.

Orðalagið ber með sér, að hann er óvanur að rökræða almenn mál og lætur staðlaus illyrði koma í stað sannana. Fer oft svo um menn, sem úr fátækt hafa komist í nokkrar álnir og stigið til höfuðs breytingin. Ónóg mentun og daufur skilningur hafa ekki megnað að mynda sæmilegt jafnvægi. En skortur á rökum og kurteisi í rithætti voru aðallýtin á allri framkomu G. G. í deilu þessari.

2. G. G. tilfærir orð úr T. ísl. S. um að kaupfélögin þurfi að hafa stuðning nokkurra blada.

Svar. Reynslan hefir nú sýnt að öll þau blöð sem lifa af auglýsingum að miklu leyti, snúast einhliða á sveif kaupmanna en gerast andvíg samvinnustefnunní. Hefir það alt greinilega komið á daginn. En G. G. er bersýnilega illa við að samvinnumenn hafi aðgang að nokkrum blöðum. Hann hefir vitað að *hans* málstaður hafði nóg blada til sóknar og varnar.

3. Um nauðsyn *verkaskiftingar* segir G. G. að vel fari þegar þjóðin beiti fyrir sig »mönnum sem leita fullkunnunar hver á sínu sviði og njóta sjálfir hags og heiðurs af verkum sínum«.

Svar. G. G. gerði sig margoft sekan um þá rangfærslu, að láta eins og kaupmenn einir hefðu sérþekkingu á verzlun. Með því gefið í skyn, að allir starfsmenn kaupfélaganna og sambandsins væru fákunnandi á því sviði. Svo broslæg er þessi kenning, að hitt mun sönnu nær að mörg kaupfélögin og einkum sambandið, hafi gleggri og fullkonnari bókfærslu en margar verzlunarir. Dæmi um sérmentun sumra kaupmanna er það, að Olgeir Friðgeirsson, sem um stund styrði landsverzluninni, kunní ekki tvöfalda bókfærslu, og gekk þannig frá bókhaldi sínu, að endurskoðandinn varð að skrifa upp öll plögg hans, áður en hann gat gengið að aðalstarfinu. Og þó átti umræddur kaupmaður að vera í betra lagi að sérþekkingu. Þetta atriði er ekki nefnt hér til að áfella O. F. heldur til að sýna á hve litlum

rökum sérfræðslugorgeir G. G. var byggður. Í öðru lagi var auðséð að G. G. vissi um ráðagerðir samvinnumanna að stofna sinn eigin verzlunarskóla, ala upp sérfræðinga og halda þeim lengi og helst æflangt í þjónustu hreyfingarinnar. Hitt, að G. G. álitur að starfsmennirnir þurfi að hafa ágóðann (allan?) af starfi sínu, sýnir hve kaupmannsandinn er honum inngróinn. Skyldi honum vera ókunnugt um þær þúsundir manna í heiminum, sem starfa vel og trúlega að verzlun, fyrir samvinnufélög eða einstaka menn, án þess að gróðinn allur, sem starf þeirra skapar, lendi í þeirra vösum?

4. Um kaupfélagsstjórana segir G. G. »að þeir verða verkfæri í höndum bænda, sjómanna og daglaunamanna«. Segir hann þetta eigi við flesta kaupfélagsstjóra.

Svar. G. G. mun vilja snúa dæminu við, að bændur, sjómenn og daglaunamenn verði verkfæri í höndum kaupmanna, svo sem verið hefir. Og enga sönnun færir hann fram gegn því, að þessar stéttir geti haft *verkamenn* í sinni þjónustu, til að vinna verzlunarstarfið fyrir ákveðið kaup.

5. G. G. kallar það *undirferlisbragð* sem höf þessarar greinar hafði stungið upp á, að vel ætti við fyrir kaupfélögin að auglýsa með bladagreinum. En aðalatriðið að auglýsa mikið. Einu og síðar kom fram í deilunni, er þetta algengt kaupmannsbragð erlendis, og allmjög notað hér á landi af kaupmönnum. Kom jafnvel um G. G. sjálfan grein í Norðurlandi, sem virtist eiga skylt við auglýsingu, þó að ritstjórin kunní að hafa gert þar guðspakkaverk, til að sýna höf mátt þessarar aðferðar. Sé G. G. ant um að stimpla þessa aðferð sem ódrengskap, lendir sú sök á *hans stétt*, með því að kaupfélögin hér hafa enn hvorki auglýst á þennan hátt eða annan. Síðar í þessari ritgerð, þegar rætt verður um grein Sig. Runólfssonar í *Tímanum*, er spanst út af deilunni við G. G., fæst tækifæri til að

sýna hvernig blaðagreinar geta verið auglýsingar, án þess að vera *rógur* eða *undirferli*. En þessi nöfn G. G. bregða ljósi yfir hugsun höf. sjálfs. Fyrst þekkir hann ekki þetta algenga verzlunarbragð erlendra og innlendra stéttarbræðra hans. Og í öðru lagi kemur honum, í sambandi við það, í hug tómur ódrengskapur og undirferli. Er það sannast að segja ekki vottur um að höf. hafi alt of háar hugmyndir, eða jafnvel reynslu, um drengskap í viðskiftabóði eða samkefni.

6. G. G. segir: »Að því er snertir viðskiftaheiðarlegleik kaupfélaga og pöntunarfélaga, verður því ekki neitað, af fram hefir komið félagsskapur af þessu tægi, sem reynst hefir fjárglæfrayfirtæki«.

Svar. Hvaða þýðingu hefir þessi klausa ef hún á ekki að vera almenn aðdróttun í garð samvinnufélaga um prettvísi í skiftum? Og er það verðskuldað? Eru sviksamlegu samvinnufélögin svo mörg, að þau kasti skugga á alla hreyfinguna?

Enginn vafi er á því, að fjárglæfrar eru og hafa verið fátíðar í kaupfélögunum. Nafnkendust á því sviði eru þrjú félög, eitt fyrir austan á Djúpavogi, annað á Snæfellsnesi, hið þriðja í Reykjavík. Kaupmenn stofnuðu öll þessi félög, stýrðu þeim og settu þau á hausinn, í tilgangi sem var skilinn af flestum. G. G. mun kunnugra en ýmsum öðrum um sum þessi félög, og mun hafa átt skifti allmikil við Reykjavíkurfélagið, því að allmikið af reitum þess lenti í eign hans. Má honum því vera gjörkunnugt hve óheillavænleg reynist stjórn flestra kaupmanna á kaupfélögum. Hitt ætti jafnvel G. G. að vera fús til að viðurkenna, að þessi þrjú dæmi, þar sem stéttarbræður hans bera alla sektarbyrðina gagnvart almenningi, eru ljótu blettirnir sem óprýða skjöld samvinnustefnunnar hér á landi. Má að visu aumkva þá menn sem urðuginningarfífl þessara veiðimanna. En ekki var þar um að kenna skorti á verzlunarviti, eftir því sem ætla má.

Gagnsönnun fyrir glæfraásökuninni á hendur félögunum fékst er Guðbrandur Magnússon sannaði síðastliðið sumar að gjaldþrot kaupfélaganna voru eins og dropi í hafinu borið saman við hrun kaupmanna. Þjóðkunnugt er það og, að það eru menn úr kaupmannaflokki, en ekki samvinnumenn, sem óvirt hafa nafn og álit landsins erlendis með margskonar sviksemi, sem komið hefir því orði á Íslendinga, að þeir væru heimsins svikulasta þjóð.

7. Næst kemur Akkílesarhæll G. G. þar sem ósigur hans reyndist einna tilfinnanlegastur:

»Afnám skuldaverzlunar hefir eigi tekist betur en svo, að nú eru kaupfélögin orðin aðalskuldaverzlanir landsins, er eg mun reyna að rökstyðja, ef því verður mótmælt«.

Svar. Þessi klausa mun vera einhver kjarnamestu ósannindi sem G. G. fór með í öllum sínum verzlunargreinum og er þá nokkuð sagt. Skyldi G. G. vera ókunnugt um allar sjóðseignir félaganna, varasjóði, stofnsjóði, skuldtryggingarsjóði og sparisjóði? Skyldi hann vita, að í elsta kaupfélagi landsins hefir ein sveit átt inni í »félaginu« fram undir 100 þús. kr. hin síðari ár? Sjálfsagt þykir honum undarlegt að í einu pöntunarfélagi (Svalbarðseyrar) var inneign einnar deildar við áramót nú nýverið jafnmörg þúsund og heimili voru í deildinni, og eign mjög jafnskift á heimili. Heldur stórkaupmaðurinn að þessir menn séu vafðir skuldum fyrir ársnaudsynjar sínar?

Hins vegar gengur hann fram hjá því, að það er kaupmannastétt landsins, sem hefir í verki gert banka landsins að mjólkurkúu sínum. Höf. segir sjálfur um félögin að stofnfé þeirra sé litið og þau njóti helst lánstrausts vegna samabyrgðarinnar. En hverir hafa þá fengið bankalán til verzlunarinnar — nema kaupmenn (úr því að félögin hafa svo litið lánstræði)? Og þó er það alkunna, að íslenskir kaupmenn hafa verið

bundnir á skuldaklafa hjá erlendum stórkaupmönnum, og hvorki getað hreyft hönd eða fót. Og skuldlausir munu þeir varla vera allir smákaupmennirnir nú orðið, síst þeir sem stórkaupmennirnir hafa sem einkonar »leppa« bæði í höfuðstaðnum og víðar, til að geta keppt við smákaupmenn, án þess að það komist upp. Annars verður vikið síðar að því, hvernig G. G. slapp frá þessari aðdróttun.

8. G. G. segir: »Mér er ekki kunnugt um stuðning sem kaupfélögin hafi veitt til verzlunarþekkingar og almennrar mentunar«.

Svar: Þetta stafar af þekkingarleysi og hlutrægni höf. Hann getur ekki séð neitt nýtilegt í fari félaganna, af því að þau stefna að því að gera sjálfseignarmilliliði óþarfa, og G. G. er einn af þeim. Sannleikurinn er sá, að *samstarf og sjálfbjörg samvinnumannna* hefir verið einn aðalþáttur í alþýdumentun hér á landi síðustu 20—30 árin. Störfin hafa knúð fram ónotaða krafta. Áreynslan, ábyrgðin og vandinn hefir æft þá og þroskað. Á þetta engu síður við siðferðisáhrifin, sem samstarfið hefir eft, heldur en skilning og dómgreind. Vítur maður erlendur, sem kynst hefir Íslendingum allvel, og þó sérstaklega viðskiftagreinum höfuðstadarins, hefir sagt um þjóðina: Hún er að fara í hundana fyrir ágirnd og prettvísi — eins og Rússland undir forustu sinna spiltu eyðsluseggja. Og ef nokkur bjargar þjóðinni frá siðlegri og stjórnaðarslegri glötun, þá er það að þakka samvinnustefnunni og skyldum hreyfingum.

Ekki hefði höf. heldur átt að vera ókunnugt um það að fyrir utan sjálft samvinnustarfið hafa félögin nú um alllangt skeið haldið úti tímariti, sem, hvað sem G. G. kann að segja, hefir haft varanleg áhrif á verzlunarframþróun þjóðarinnar. Sömuleiðis hafa að tilhlutun félaganna verið haldnir fyrirlestrar um verzlunarmál, því nær í öllum héraðum landsins. Að síð-

ustu hafa félögin komið upp vísi að sjálfstæðum verzlunarskóla, svo að þegar lítið er á heildina, þurfa þau fráleitt að fyrirverða sig fyrir þann skerf, sem þau hafa lagt til verzlunarmenningar landsins.

9. G. G. talar um pöntunarfélögin, hve ódýr þau séu í rekstri o. s. frv. Og þó eigi félög þessi eftir uppdráttar í *frjálsri samkeppni*.

Svar: Hér gæti fyrst þeirrar rangfærslu, að láta eins og öll kaupfélögin séu pöntunarfélög, þar sem mörg þeirra hafa opna búð alla daga árs, og verzla með engu færri vörutegundir en kaupmenn. Í öðru lagi er það rangt, að kaupfélögin eigi ördukt uppdráttar vegna samkeppni við kaupmenn. Þar sem eg þekki bezt til, á hið gagnstæða sér stað. Á Húsavík er selstöðuverzlun að verða að engu, þótt ríkilát væri á fyrstu árum félagsins. Og við byggingu sláturhúss á Breiðumýri, hefir stórum dregið úr taki því, sem yngri kaupmenn þar höfðu á sumum bændum. Á Akureyri kvarta kaupmenn sáran undan að öll verzlun sé að hverfa til Kaupfélags Eyfirðinga. Forstjóri einnar verzlunar á Akureyri, sem fyrir 20—30 árum bar ægishjalm yfir aðrar, sagði við þann er þetta ritar síðastliðið haust að hann hefði ekki einn einasta sveitamann óskiftan í verzlun sinni, en »parta« af einum 4—5! Allir verzluðu í kaupfélaginu, »þó að það sé miklu verra«, bætti hann við. almenningur lítur öðruvísi á, og þess vegna fer sem fer. Hvar sem fréttist til af landinu eru eldri kaupfélögin á framfaravegi, og mikill hugur í mönnum að stofna önnur ný, þó að varla komi til þess að mun fyr en að stríðinu loknu. — Þá mun og höf. ekki þykja æskilegur hnignunarbragur á því, að Sambandið hefir nú stofnsett sína eigin heildsölu í Reykjavík, innan um alla stórkaupmennina og á ekki í neinni sérlegri þröng, svo kunnugt sé. Vonir G. G. um hnignun samvinnunnar munu því fráleitt á miklum rökum byggðar.

10. Með því að eg var nýtekinn við ritstjórn tíma-

ritsins þegar G. G. hóf ritmensku sína, en átti hinsvegar ekki að fagna sérstökum vinsældum hjá þessum höf. fyrir ýmsar uppástungur, er eg hafði komið fram með í ritinu um endurbætur í samvinnumálum, og nú eru sumpart komnar í framkvæmd eða eru á góðum vegi með að verða að veruleika, stefndi hann að mér allmiklu af gremjuyrðum sínum. Gat eg ekki fengið kærkomnari laun fyrir tillögur mínar heldur en þessa tegund athygli frá hendi málsvara kaupmanna. Það sýndi, að keppinautarnir skildu að breytingarnar horfðu til framfara samvinnuhreyfingunni, og þar með þjóðinni. Hins vegar höfðum við engin skifti átt saman á einn eða annan hátt, svo að persónulegar árásir hans voru eingöngu einskonar ofanálag á rök, eða öllu heldur blekkingar, sem hann leit svo á að ekki væru einhlítar frá hans hendi. Tilvitnanirnar um, að samvinnumenn yrðu að hafa sín eigin blöð og auglýsa kröftuglega, engu síður en kaupmenn, voru teknar úr greinum eftir mig. Næst kom þriðja tilvitnunin, þar sem eg hafði í Tímaritinu sannað, að kaupmannaverzlun reyndist almenningi 10% dýrari en kaupfélagsverzlun. Og ef reiknað væri eftir hagskýrslunum hve mikill þessi sparnaður þjóðarinnar gæti orðið, ef öll verzlun væri í höndum samvinnufélaga, þá væri þessi sparnaður á óþarfaútgjöldum (óþarfri álagningu) svo mikill að fyrir þá upphæð mætti á 30 árum leggja járnbrautir um mikinn hluta laudsins, án þess að bæta nýjum álögum á þjóðina. Kostnaðurinn við járnbrautirnar reiknaður í samræmi við kenningar Jóns Þorlákssonar. Ætti það nú að finna náð fyrir augum G. G., þar sem J. Þ. hefir gerst einhver helzti »útvörður« kaupmanna hér á landi.

G. G. er meinilla við þetta dæmi. Hann getur ekki hrakið það. Gengur jafnvel inn á, að 10% sé ekki meiri sparnaður en búast megi við, sökum hins ódýra reksturs. Þöntunarfélögin eru altaf í huga hans, svo

að hann gleymir kaupfélögunum, og að þau hafa engu minni *sanngjarnan* reksturskostnað en kaupmenn. Í öðru lagi sér hann að málstaður hans *litur verst* út, ef tjónið af kaupmenskunni er talið í sannanlegum tölum fyrir alt landið, og jafnframt sýnt fram á, hve miklar verklegar framkvæmdir mætti gera, þjóðinni allri til hagsældar, fyrir það fé sem nú rennur sporlaust í vasa óþarfra milliliða, án þess að almenningur fái annað en óþakklæti og fyrirlitningu að launum fyrir skattgjöfina. G. G. játar, að hann geti ekki reiknað þetta einfalda dæmi, en hann hefir þó einhverja óljósa hugmynd um »útkomuna«, og sá grunur fyllir hann beiskju.

11. G. G. tilfærir eftir mér þessi orð:

»Fátæktin og sú almenna niðurlægging, sem blasir við manni í hverju þorpi, þar sem kaupmenn eru einvaldir, ber ótvírett merki um, hvíllk martröð kaupmannastéttin er og hefir verið á framkvæmdarall alþýðunnar«. Svo spyr höf. »Hvar eru þorpin og ávextir kaupfélagsstarfseminnar?«

Svar: Ávextir samvinnunnar sjást þar sem þau hafa starfað lengst og best: í Þingeyjarsýslu, Eyjafirði, Austur-Húnavatnssýslu, Borgarfirði, á Suðurláglendinu og víðar. Ávöxtinn af einveldi kaupmanna í verzlunarmálum geta menn séð á örbyrgð almenningis á Seyðisfirði, Eskifirði, Ólafsvík, Reykjavík o. fl. slíkum stöðum, þar sem annaðhvort eru engin kaupfélög eða kaupmenn hafa steypt yfir sig sauðargæru í bili, til að geta því betur komið ár sinni fyrir borð, eins og áður er á vikið í þessari grein.

Og ávextirnir minna sjást í þessum þorpum líka, þegar Sambandið hefir á að skipa hæfilega mörgum vel undirbúnum starfsmönnum, sem tekið geta að sér samvinnuforstöðu á þessum og þvílíkum stöðum, án þess að svik eða prettir búi undir eins og átt hefir sér stað um suma þá kaupmenn, sem gerst hafa samvinnuforkólfar á þessum stöðum.

12. G. G. tekur enn upp dæmi eftir mig, þar sem sýnt er fram á að gróði smásala í Reykjavík þar sem samgöngur eru greiðari við útlönd, og velta má sömu krónunni alt að því einu sinni á mánuði, geti gróðinn orðið margfaldur.

Svar. Ekki hrekur G. G. það, að ágóði af smásölu í Reykjavík kunnir að vera 10% af hverjum slatta um fram sannan reksturskostnað (þ. e. það sem heilbriggt kaupfélag þyrfti til að kosta). Heldur ekki að nota megji sama peninginn oft, þar sem samgöngur eru greiðar við útlönd. Hann gefst upp við dæmið. Nú mætti líka með stríðsreynsluna að baki benda G. G. á dæmi úr lífinu, þar sem kaupmenn hafa smurt 100—500% á og ekki orðið óglatt af — þar sem neyðin hefir verið hæfilega mikil.

13. G. G. undrast, að ef satt væri um kaupfélagsþörfina víða á landinu, að þeir menn, sem rituðu um kaupfélagsmál, skuli ekki heldur fást við samvinnuverzlun.

Svar. Þar er verkaskiftingin, sem G. G. lofar svo mjög, og samvinnumenn vilja gjarnan líka, þótt þeir ekki kæri sig um að *milliliðirnir* fái allan hagnaðinn. Sumir samvinnumenn rita um stefnumálin, aðrir framkvæma hugmyndirnar. Sumir gera hvorttveggja, en þeir eru fáir. G. G. hefir viljað hvorttveggja, bæði vera gróðasæll kaupmaður og málsvari stóttar sinnar í riti. Væntanlega hefir honum tekist vel sitt aðalstarf. En sannarlega hefir honum farnast ritmenskan afarilla. Fjölmargir menn hafa tætt í smátt allar hans greinar. Og kaupmenskan í landinu hefir fráleitt efið vegna »bókmentastarfsemi« hans. Þar á móti hafa kaupfélögin magnast óðfluga við deilu þá, sem hann vakti. En það mun fráleitt hafa verið tilgangur hans. Ritmenska hans hefir þess vegna haft gagnstæð áhrif við það sem hann ætlaðist til. Hins vegar mun G. G. geta skilið, að þeir menn, sem tekið hafa málstað samvinnunnar,

og sjá hugsjónir þær, er þeir hafa varið kröftum til að skýra, verða að veruleika, una vel við sinn hlut og biðja ekki um annarleg störf. Fordæmi það sem G. G. gefur, hvetur ekki til að dreifa kröftunum.

14. G. G. minnst á grein mína um hina óþörfu og ósiðlegu verðhækkun kaupmanna í stríðsbyrjun. Hann færir engar varnir fram, en á öðrum stað í greininni má sjá, að hann telur slíka hækkun réttmæta.

Svar. En því máli verður ekki ráðið til lykta með því að vitna til þess, að þetta flinnist kaupmönnum rétt. Almennigur ályktar alveg gagnstætt G. G. í þessu máli. Í verki hegðuðu samvinnufélögin sér gagnstætt kaupmönnum. Þöntunarfélögin hökkuðu alls ekki vöru sína. Og þau kaupfélög, sem tóku þátt í hækkun að einhverju leyti til að fylgja verðlagi á staðnum, drýgðu þá enga yfirsjón að því leyti, að hin óþarfa hækkun kom aftur fram í nákvæmlega jafnmikilli ágóðahækkun hjá hverjum félagsmanni. Aftur mun enginn af viðskiftamönnum kaupmanna hafa fengið nokkurn hlut af herskatti þeim, sem kaupmenn höfðu á þá lagt. Hækkunin var svo gifurleg, að numið hefir stórmiklu fé yfir allt land. En þar björguðu kaupfélögin sínum mönnum sem endranær. Hins vegar hefir »milliliðunum« áskotnast álitleg fylga. Með þeim hætti mun safnast hið dýrmeta *vellufé*, sem að dómi B. Kr. er svo blessunarrikt fyrir þjóðina.

15. Tilvitnun úr sömu hillu gleður G. G. enn minna. »Fyrsta vandamálið er það, hversu hægt er að fá einangruðu félögin inn í Sambandið; því er fljót-svarað. Með því að losa þau úr klóm umboðsmanna og stórkaupmanna. Stjórn sambandsfélaganna þarf að flytjast til Reykjavíkur og efla þar til völdugar heildsölu fyrir landið alt. — Mundi þess þá ekki langt að biða, að takmarkinu yrði náð, því takmarki, að mestöll verzlun Íslendinga verði í höndum samvinnufélaga.

Svar. Þessi hnotin mun hafa orðið G. G. einna hörðust undir tónn. Hann sjálfur vinnandi að því af kappi að verða einna umsvifamestur af íslenskum heildsölum. Hafði allmörg hin vesölustu og þroskaminstu kaupfélög í sínu neti, og þar að auki heilan hóp af smákauptúnum, á stöðum þar sem félögin hafa ekki enn byrjað að starfa. Og svo byrjar sambandið á þeim skratta að vilja kaupa inn sjálft og selja sjálft fyrir félögin og bersýnilegt, að eftir því sem þeirri heildsölu vex fiskur um hrygg, þá muni mörg yngstu félögin losa sig úr »klóm« stórkaupmannsins og ganga í Sambandið. Gizka mátti líka á, að ný félög kynnu að vaxa upp, þar sem smákaupmenn eru nú einvaldir og fara sömu leið. Það er þetta útlit, sem vafalaust hefir sett G. G. í þann lítið rithöfundarlega ham, sem vikið var að í upphafi þessarar greinar.

16. Næst á eftir ræðst G. G. á Björn Bjarnarson bónda í Grafarholti. B. B. er svo sem kunnugt er einn af aðalstofnendum Sláturfélags Suðurlands. Hann hefir enn fremur verið einn af stjórnendum þess frá byrjun. Sláturfélagið hefir gert geisimikla byltingu á Suðurlandi: Bætt kjötverkunina afarmikið, hækkað verðið á sláturvarningi bænda til góðra muna, og dregið verzlunina með þá vöru að mestu úr höndum milliliða í höfuðstaðnum. Það mátti því nokkurnvegin gizka á það, að slíkur maður ætti ekki upp á pallborð hjá stórkaupmanninum. G. G. reynir að ná sér niðri á honum með einkennilegri blekkingartilraun, þeirri að hann sem stjórnandi Sláturfélags Suðurlands kúgi bændur, setji þá í fjötra o. s. frv. Tilfærir höf. nokkrar ljóðlínur úr alkunnum kvæðum til að gera líknarstarfsemi sína enn bersýnilegri. Því að auðvitað var hann sá sveinn sem kom til að leysa hina ánauðugu bændur úr fjötrum. Tilefnið var þá það, að Sláturfélag Suðurlands heimtar að hver félagsmaður verzi við það með allan

sinn sláturfénað, meðan hann er í félaginu. Liggur lág sekt við, ef út af er brugðið.

Þetta líkar G. G. afarilla. Því að þessi lög útiloka að mestu leyti þá hættu, að bændur geti svikið sjálfa sig og kaupmenn sprengt félagsskapinn. Félagið tryggir félagsmönnum sannvirði fyrir búpening sinn sem þeir vilja selja til slátrunar. Tryggir það ár eftir ár. En það hefir engan »bónus« handa einum eða neinum. Þar er ekki hægt að *spekulera*, ekki hægt að elta neinu augnabliksgróða, sem síðan er tekinn aftur með margfaldri álagningu næstu ár.

En sprengingarúræðið er þetta. Kaupmenn koma eitt haust og bjóða sumum bændum hærra verð fyrir fé þeirra, heldur en það gerir á blóðvelli. Kaupa visvitandi sér í skaða. Sumir menn eru ekki enn þroskaðri en það, að þeir elta hvern slíkan augnabliksgróða. Þótt þeir séu lofordum bundnir gleyma þeir því, og gleypa beituna. Félagið missir nokkuð af veltu sinni. Óhugur kemur í félagsmenn sem sjá hve gálauslega sumir af félögum þeirra fara að. Tortryggni og sundrung vex. Menn fyrirrita sín eigin lög og félagsskap. Úr því er samheldnin búin, félagið sprungið. Þá er tími til kominn fyrir »milliliðina«, sem keyptu sér í skaða, að vinna upp tjónið, og þá með þúsundföldum rentum. Það er þessi hættu, sem öll þau félög verða að gera ráð fyrir, sem keppa við peningaburgeisa og hringa. En hlálegt er það, þegar »milliliðirnir« koma til manna sem bundist hafa félagsskap til að tryggja sér rétt til arðs af atvinnu sinni, og lesa yfir þeim hálleyg kvæði um kúgun og áþjáunarhönd, eins og G. G. gerir í Ísafold, höfuðmálgagni peningavaldsins.

17. Eftir þennan krókótta inngang leggur G. G. til höggorustu við Guðbrand Magnússon, því að móti honum var herferðin hafin. Byrjar höf. þá að nýju með stórskömmum og aðdróttunum. Þykir honum *Tíminn* versta alda samvinnuhreyfingarinnar. Þykja

honum greinarnar Um verzlun líkastar því sem runnar væru þær undan rifjum illra og óhlutvandra manna. Minna mátti ekki gagn gera.

G. G. telur það vera »gleði og stolt hverrar þjóðar að eiga ríka verzlunarstétt«. — Ennfremur að það fé sem verzlunarstéttin hafi yfir að ráða, verði afvaki þjóðfyrirtækja. Líklega fyrir utan hina frægu »mission« að vera veltufé.

Svar: Ef það er meining G. G. eins og P. í *Landinu*, að verzlunin sé því betri, sem ágóðinn lendir á færri höndum, þ. e. því betur sem milliliðirnir koma ár sinni fyrir borð að féfletta almenning, þá er hver einasti samvinnumaður hér á gagnstæðri skoðun. Ef gróði milliliðanna byggist á fátækt annara manna í þjóðfélaginu, þá er þetta ófugmæli. Engir geta blessað slíkt fyrirkomulag nema auðmennirnir og þeirra nánasta fylgilið. Óþarflega mikill auður sekkur eigendunum í ofnautn og leiðir til hnignunar. Of mikil fátækt setur öreigana í hungurkeng. Þar á milli er hinn holti meðalvegur. Eftir honum feta sjálfbjargamenn, sem eru of stoltir bæði til að vilja kúga aðra og líka til að láta aðra kúga sig. Og hagnaðinn af veltufé ríku kaupmannanna þykjast samvinnumenn geta fengið með öðrum hætti. Margir sjálfbjarga ráðdeildarmenn þurfa ekki að kvíða veltufjárskorti til að reka eigin verzlun. Samlagsfé þeirra og sameiginlegt lánstraust meir en nægir. Að gera ráð fyrir að samvinnumenn megi ekki nota lánsstofnanir sér til hagsmuna er ofstækisfull atvinnurógskenning, sem hvergi hvílir á rökum. Jafnmikil villa er það, að samlagsfé meðalefnaðra manna, hafi ekki sömu þjóðhagsþýðingu og jafnmikið fé í eign fárra. Hér á landi hefir frá því í fornöld af og til skapast allmikill auður í eign einstakra manna. Og hvar eru vegsummerkin? Alls hvergi. En þá fyrst þegar *almenn hagsæld* fór að vaxa hér á landi á síðari hluta 19. aldar og einkum eftir að samvinnuhreyfingin fór að

festu rætur, hefir okkur munað nokkuð áfram. Mörgu smáu framlögin í landsþjóðinni eru það sem síðan 1874 hafa sett varanleg merki á landið. En hvar eru verk efnamannanna, þau sem miða til almennra heilla, skólarnir, bókasöfnin, listaverkin o. s. frv. Þar mun helst að telja nokkur þúsund í ófullgert hús yfir listaverk Einars Jónssonar.

Nei, þjóð sem biður nokkra einstaka menn að geyma fyrir sig mestallan þjóðarauðinn, af því að þeir kunni svo vel með að fara, sú þjóð er langt leiðd. Dómi Bandaríkjanna augljós sönnun. Í því ágóta landi er of mikill auður — í höndum tiltölulega fárra manna einna þyngsta bölið sem þjóðin á við að stríða. Hér veður höf. því í villu eins og annarsstaðar. Hann endurtekur að eins á sinn hátt setningar og slagorð sem auðvaldssinnar erlendis hafa hampað síðustu áratuginna og nú eru orðin útslitin þar.

18. Það er sú frekasta villukenning sem G. G. hefir heyrt, »að alstaðar í heiminum sé stefnt að því að fækka milliliðunum, framleiðandi selji notanda. Þetta hafði G. M. sagt. Og þetta er eitt höfuðboðorð samvinnustefnunar.

Svar: G. G. mótmaelir þessu af alefli. Og til að reyna að verja tilverurétt milliliðanna, blandar hann málum. Lætur eins og samvinnumenn vilji að engir fáiist við verzlun nema í hjáverkum, jafnvel að framleiðendur í einu landi ferðist sjálfir með vöru sína út í lönd og selji neytendum þar. Og þegar G. G. hefir gengið af þessari kenningu dauðri, kemur hann fram sem sigurvegari, eins og annar Alexander úr austurför.

Ofboð lítið af heilbrigðri skynsemi hefði getað sparad G. G. þetta gönuskeið. Hann hefir marglesið um það í Tímaritinu, ekki sízt í greinum eftir núverandi ritstjóra þess, sem G. G. hefir svo mikla löngun til að vitna í, að tilgangur samvinnumanna er að hafa engu

síður mentaða verzlunarmenn við smásölu, heildsölu, og á skrifstofum erlendis, heldur en hinn kröfuharðasti kaupmaður. Ef nokkuð er, vera harðari í kröfum. Samt eru þessir menn og sú stétt sem þeir mynda ekki »milliliðir«. Þeir eru embættis- eða verkamenn þjóðfélagsins. Þeir inna af höndum sína vinnu við vöruskiftin fyrir *fast kaup*. Þeir reyna ekki að fá vöru landsmanna fyrir sem lægst verð. Það er kaupmannasíðurinn. Verðmismuninn, eða *millibilið* hirða þeir og af því munu kaupmenn hafa fengið nafnið milliliðir. Alveg gagnstætt milliliðunum fer samvinnustarfsmönnum. Þeir reyna að selja innlendu framleiðsluna sem hæstu verði, en láta landsmenn fá erlendu vöruna með sem lægstu verði. Og kaup þeirra er sannvirði verka þeirra. Þetta er mikill munur. Vegna hans vex samvinnunni fylgi. Þjóðin lítur alt öðrum augum á starfsemi verkamanna, sem í hvívetna leitast við að efla almenningsheill, og iðju milliliðanna eða »sjálfseignar-milliliðina ef G. G. vill það heldur, sem stefna hvívetna að eflingu eigin hagsmuna.

Sú kenning G. G. að samvinnan leitist við að drepa alla verzlunarþekkingu er brúarlaus ósannindi. En blekkingartilraun er hitt, að starfsmenn samvinnufélaga séu milliliðir engu síður en kaupmenn.

19. G. G. gleðst auðsjáanlega yfir því að mishepnadist tilraun Fiskifélagsins að brjóta einokun steinolíufélagsins. Félagið seldi olíuna við sannvirði. Steinolíuhringurinn lék þá vanabragð sitt og setti olíuna um stund niður fyrir verð Fiskifélagsins. Engin samtök eða framsýni frá hálfu almennings, svo að þess vegna var ginið yfir tylliböðinu. Fiskifélagið skadaðist á tilraun sinni og hætti. Þá setti steinolíuhringurinn gifururlega upp. Blindir menn hefðu átt að geta séð, að hverju fór. Og það mun hafa skeð. Því að sama þjóðin sem rann á beitu okurhringsins fyrir nokkrum missirum hefir nú samþykkt lög um þjóðareinkasölu á

steinolíu. Félagið er svo illræmt, að það átti sér engan formælanda í þinginu. Að eins einn maður og eitt blað hafa sýnt brjóstheilindi sín með því að leggja þessum óvin þjóðarinnar liðsyrði. Og það eru þau hjónaleysin G. G. og Ísafold. Hún flutti með velþóknun skrif Steinolíukongsins í fyrri, og þótti ekki vaxa af þeirri frammistöðu.

20. Að endingu þykist G. G. í þetta sinn hafa tekið á mönnum og málefnum með silkihönzku, og gefur von um að hann dragi fram *myndir úr lífi* félagsanna (ljótar myndir) sem 16 ára kynning við þau hafi skilið eftir í minni hans. Eufremur fullyrðir hann að alþingi hafi veitt »töluverðar fjárhæðir« úr landsjóði til eflingar samvinnustefnunnar, en til kaupmensku aðeins »lítillfjörlegan« styrk til verzlunarakólans.

Svar: Silkihanzkar G. G. breyttust ekki. Alla deiluna út, voru greinar hans ókýrar langlokur með skætingi og hnútum til einstakra manna. »Lífandi myndirnar« komu aldrei. Sjálfur varð hann að taka aftur þau öfugu ummæli, að samvinnan hefði fengið meiri opinberan stuðning en kaupmenskan. Einhver honum velviljadar og lítið eitt fróðari bent honum á, að þar væri hann á hálum ís. Kaupmenn höfðu nefnilega fengið drjúgum stærri upphæðir. Samt hafði sundurlyndi þeirra hindrað þá frá því að taka allt, sem landið hafði að þeim rétt. Svo fór er aldrei var notuð fyrsta fjárveiting til »fiskagents« handa kaupmönnum. Þeir áttu að leggja fram nokkurn hluta launanna. En enginn tímdi að leggja neitt fram og féll sú fjárveiting niður um sinn.

Svona reyndist þá fyrsta málsvörn G. G. í verzlunarmálinu. Hennar eini verðleiki er það, að þar var undir einu þaki samankomið svo mikið af meinlokum, blekkingum og rangfærslum, að hún hefir knúð fram frá hendi samvinnumanna mjög mörg og alhliða andmæli.